

24 hreppnum tekið þátt í þeim eftir líkum hlutföllum og aukaútsvörum er jafnað
 7. febr. niður. Ástæðan til samskotanna var í byrjun sú, að þurfamaðurinn sneri sjer til hreppsnefndaroddivitans þar og bað hjálpar, og var það síðan samþykkt á almennum sveitarfundi að skjóta saman handa honum, og samskotin voru, eftir eigin játningu hreppsnefndarinnar, hin síðari ár gerð beinlínis í þeim tilgangi að sveitfesta mann þenna í Reykjavík, en hreppsnefndin neitar því, að hún sem slík hafi átt þátt í samskotunum, enda sje ekkert um þetta skráð í bókum hennar, og samskotunum hafi ekki verið blandað að neinu leyti saman við sveitarsjóðinn. Þó er það játað, að sami maður, sem var oddviti hreppsnefndarinnar, hafi haft á hendi innheimtu samskotanna.

Samkvæmt þessum málavöxtum verður það að teljast alveg ótvírætt, að aðferð sú, sem höfð hefir verið við styrkveiting þessa, og tilgangur hennar fari ekki einungis í bága við anda fátækralaga 10. nóv. 1905, heldur sje einnig bein tilraun til að fara kring um 63. gr. þeirra, og samskotin að skoðast sem tilraun til að fara kring um niðurlag 32. gr. sömu laga. En af þessu leiðir, að samskotin verða að teljast eiginlegur sveitarstyrkur og ber því að fella úrskurð yðar úr gildi.

Því úrskurðast.

Umræddur Einar Einarsson skal vera sveitfastur í Gnúpverjahreppi og ber hreppssjóði þar að greiða bæjarsjóði $\frac{2}{3}$ hinna nefndu 35 kr. með 23 kr. 34 a.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Gnúpverjahrepps.

25 Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um framkvæmd laga
 14. febr. nr. 15, 11. júlí 1911, um erfðafjárskatt.

Með brjefi, dagsettu 12. f. m., hafð þjer, herra sýslumaður, spurst fyrir um, hvort eigi beri að skilja lög nr. 15, 11. júlí 1911, um erfðafjárskatt, svo, að ákvæði þeirra um upphæð skattsins gildi aðeins um dánarbú þeirra, sem andast eftir 31. des. 1911, svo að af öllum eldri búum beri að telja skattinn eftir hinum eldri lögum um erfðafjárskatt, þótt skiftum sje ekki lokið fyr en 1912 eða síðar.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð yður til leiðbeiningar, að með því að skýrt er ákveðið í 8. gr. nefndra laga, »að erfðafjárskattur komi í gíaldþaga við lát arfleifanda«, þá verður skatturinn að heimtast eftir hinum eldri lögum af öllum arfi, sem til fellur eftir þá menn, sem andast hafa fyrir 1. jan. 1912. Þetta ákvæði, sem er alveg samkvæmt hinni eldri löggjöf, kemur ekki í bága við 14. gr. laganna, sem segir að lögin öðlist gildi 1. jan. 1912, með því að allur áður fallinn arfur, þá þegar er fallinn í skatt, og aðeins um frest eður drátt að ræða á greiðslu hans. Gagnstæð skoðun í þessu efni mundi leiða til þess, að dráttur skiftaráðanda á að skifta búi, gæti orðið til þess að leggja þyngri skatt á erfingja en þeir annars hefðu átt að bera.